VEGAGERÐIN

# Framkvæmda-fréttir

4. tbl. /06



*Í þessu blaði er auglýst útboð mislægra gatnamóta Hringvegar (1) og Nesbrautar (49), m.ö.o. Suðurlandsvegar og Vesturlandsvegar. Sjá einnig yfirlitsmynd í opnu.*

## Auglýsingar útboða

### Hringvegur (1) - Nesbraut (49), mislæg gatnamót 05-066

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í gerð mislægra gatnamóta Hringvegar við Nesbraut. Í verkinu felst að byggja brú (eina akrein í hvora átt) yfir Nesbraut þar sem hún tengist Hringvegi á mótum Suðurlandsvegar og Vesturlandsvegar, nýjan Suðurlandsveg að brúnni á 300 m kafla og tilheyrandi rampa, aðreinar og fráreinar til að fullmóta þessi mislægu gatnamót. Einnig skal gera nýja skeringu í gjánni við Suðurlandsveg.

Helstu magntölur eru:

| | | |
|---|---|---|
| Skering | 50.000 | $m^3$ |
| Fylling og burðarlög | 120.000 | $m^3$ |
| Malbik | 29.300 | $m^2$ |
| Mót | 2.300 | $m^2$ |
| Steypustyrktarjárn | 134.650 | kg |
| Eftirspennt járnalögn | 28.690 | kg |
| Steinsteypa | 1.390 | $m^3$ |

Verki skal að fullu lokið 1. nóvember 2006.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 13. febrúar 2006. Verð útboðsgagna er 8.000 kr.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 7. mars 2006 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

### Suðurstrandarvegur (427), vegtenging við Þorlákshöfn 05-039

Vegagerðin, í samvinnu við sveitarfélagið Ölfus, óskar eftir tilboðum í gerð tengingar væntanlegs Suðurstrandarvegar við Þorlákshöfn. Um er að ræða byggingu um 2,6 km langra vega og gerð hringtorgs.

Helstu magntölur eru:

| | | |
|---|---|---|
| Skering | 5.500 | $m^3$ |
| - þar af bergskering | 3.500 | $m^3$ |
| Fylling | 26.200 | $m^3$ |
| Fláafleygar | 8.300 | $m^3$ |
| Neðra burðarlag | 7.600 | $m^3$ |
| Efra burðarlag | 5.170 | $m^3$ |
| Tvöföld klæðing | 11.000 | $m^2$ |
| Malbik | 11.000 | $m^2$ |
| Undirgöng | 23 | m |
| Ræsalögn | 80 | m |
| Umferðareyjar | 380 | $m^2$ |
| Kantsteinar | 230 | m |
| Frágangur vinnusvæðis | 5.000 | $m^2$ |

Verkinu skal að fullu lokið 1. september 2006.

Útboðsgögnin verða seld hjá Vegagerðinni Breiðumýri 2 á Selfossi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 13. febrúar 2006. Verð útboðsgagna er 4.000 krónur.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 28. febrúar 2006 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

**Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 4. tbl. 14. árg. nr. 425 13. febrúar 2006**

Ritstjórn og umsjón útgáfu: **Viktor Arnar Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður: **Gunnar Gunnarsson**
Prentun: **Gutenberg**

Ósk um áskrift sendist til: **Vegagerðin Framkvæmdafréttir Borgartúni 7 105 Reykjavík** (bréfsími 522 1109) eða **vai@vegag.is**

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttaefni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.




Gerð mislægra gatnamót Hringvegar (1) og Nesbrautar (49), m.ö.o. Suðurlandsvegar og Vesturlandsvegar, er boðin út með auglýsingu í þessu blaði. Suðurlandsvegur fer yfir Vesturlandsveg á brú með tveimur akreinum, einni í hvora akstursstefnu. Mannvirkin eru hönnuð þannig að síðar megi byggja aðra brú og tvöfalda akbrautir.

Í útboðinu felst einnig frágangur á bergskeringu meðfram Suðurlandsvegi að Bæjarhálsi. Nú er þessi skering brött og talsvert laus svo grjót hrynur stundum úr henni. Dregið verður úr halla bergsins með því að sprengja niður brúnina. Efnið verður notað við vegagerðina. Þessari framkvæmd munu fylgja nokkrar umferðartafir en verktaki má loka Suðurlandsvegi í allt að 15 mínútur í senn á tímabilinu frá kl. 10:00 til 11:00 og/eða frá kl. 21:00 til 22:00, þá daga sem sprengt er í gjánni. Þó er ekki leyfilegt að sprengja á kvöldin föstudaga, laugardaga og sunnudaga.




Smækkuð mynd
A1=>A3
smækkun 50%

0 50 100 150 200
1:2000

| | | | |
|---|---|---|---|
| HNIT HF VERKFRÆÐISTOFA Háaleitisbraut 58-60 108 Reykjavík Sími: 570 0500 Fax: 570 0503 | VEGAGERÐIN | Hringvegur - Nesbraut<br>Gatnamót | 1-e3/f2 |
| Arkþing, Landslag, RTS, Stuðull | MÆLIKV. 1:2000 | Afstöðumynd<br>Mörk vinnusvæðis | V-002 |

NovaPOINT
Afstöðumynd.dwg
04301
V-002
002

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og tæknisvið

# Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust.
Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.
Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdadeildar.
Rautt númer = nýtt á lista

| Fyrirhuguð útboð | Auglýst: dagur, mánuður, ár |
|---|---|
| 06-003 Seyðisfjarðarvegur (93) um Miðhúsaá | 06 |
| 06-004 Norðausturvegur (85), Hófaskarðsleið | 06 |
| 06-005 Hringvegur (1) um Vatnsdalsá | 06 |
| 06-006 Upphéraðsvegur (931), Setberg - Ormarsstaðaá | 06 |
| 06-007 Dettifossvegur (862), Hringvegur - Dettifoss | 06 |
| 05-050 Norðausturvegur (85) um Laxá hjá Laxamýri, vegtenging | 06 |
| 05-064 Hringvegur (1), mislæg gatnamót við Nesbraut, eftirlit | 06 |
| 05-047 Hringvegur (1), Arnórsstaðamúli | 06 |
| 04-072 Garðskagavegur (45) um Ósabotna | 06 |
| 05-046 Veigastaðavegur (828), Hringvegur - Eyjafjarðarbraut eystri | 06 |
| 05-041 Sólheimavegur (354), Eyvík - Sólheimar | 06 |
| 05-038 Garðskagavegur (45) um Sandgerði | 06 |
| 05-019 Efnisvinnsla á Norðvestursvæði 2006-2007, vesturhluti | 06 |
| 05-054 Þverárfjallsvegur (744), Kallá - Sauðárkrókur | 06 |
| 04-006 Hringvegur um Norðurárdal í Skagafirði | 06 |

# Niðurstöður útboða

## Norðausturvegur (85), Arnarstaðir - Brekka, 1. áfangi 05-044

Tilboð opnuð 31. janúar 2006. Endurbygging Norðausturvegar á um 6,5 km löngum kafla frá klæðingarenda norðan Silfurstjörnu upp á Magnavíkurás.

Helstu magntölur eru:

| | | |
|---|---|---|
| Bergskering | 3.000 | $m^3$ |
| Fylling og fláafleygar | 80.500 | $m^3$ |
| Neðra burðarlag | 34.200 | $m^3$ |
| Efra burðarlag | 8.250 | $m^3$ |
| Stálröraræsi | 198 | m |
| Stálplöturæsi | 32 | m |
| Tvöföld klæðing | 48.200 | $m^2$ |
| Frágangur fláa | 85.500 | $m^2$ |

Verkinu skal að fullu lokið 1. september 2006.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| 6 | Samsteypan-Alverk, BJ vinnuvélar og Vökvaþjónusta Kópaskers | 149.948.000 | 134,6 | 69.548 |
| 5 | Ístrukkur ehf., Öxarfirði | 122.674.063 | 110,1 | 42.274 |
| 4 | Héraðsverk ehf., Egilsstöðum | 119.480.644 | 107,2 | 39.081 |
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 111.436.000 | 100,0 | 31.036 |
| 3 | Árni Helgason, Ólafsfirði | 107.759.700 | 96,7 | 27.360 |
| 2 | Burkney ehf., Mosfellsbæ | 95.678.800 | 85,9 | 15.279 |
| 1 | Afrek ehf., Reykjavík | 80.400.000 | 72,1 | 0 |

| Auglýst útboð | Auglýst: | Opnað: |
|---|---|---|
| 05-066 Hringvegur (1), mislæg gatnamót við Nesbraut | 13.02.06 | 07.03.06 |
| 05-039 Suðurstrandarvegur (427), vegtenging við Þorlákshöfn | 13.02.06 | 28.02.06 |
| 06-001 Ásbyrgisvegur (861), Norðausturvegur - tjaldsvæði | 30.01.06 | 14.02.06 |
| 05-072 Héðinsfjarðargöng, eftirlit | 30.01.06 | 21.03.06 |

| Útboð á samningaborði | Auglýst: | Opnað: |
|---|---|---|
| 05-044 Norðausturvegur (85), Arnarstaðir - Brekka 1. áfangi | 16.01.06 | 31.01.06 |
| 03-092 Reykjanesbraut (41), Fífuhvammsvegur - Kaplakriki, eftirlit | 09.01.06 | 31.01.06 |
| 03-009 Reykjanesbraut (41), Fífuhvammsvegur - Kaplakriki | 19.12.05 | 24.01.06 |
| 05-035 Héðinsfjarðargöng | 10.10.05 | 13.12.05 |

## Reykjanesbraut (41), Fífuhvammsvegur - Kaplakriki, eftirlit, seinni opnun 03-092

Tilboð opnuð 7. febrúar 2006. Eftirlit með verkinu „Reykjanesbraut (41), Fífuhvammsvegur – Kaplakriki." Í verkinu felst tvöföldun Reykjanesbrautar milli Fífuhvammsvegar og Kaplakrika, með breytingum á núverandi gatnamótum við Arnarnesveg, Vífilsstaðaveg og Álftanesveg. Ný undirgöng fyrir gangandi umferð verða gerð við Bæjargil og Vífilsstaðalæk og núverandi undirgöng við Hnoðraholtsbraut verða lengd. Einnig verður unnin lagnavinna fyrir veitustofnanir auk landmótunar og frágangs.Verklok eru áætluð 1. ágúst 2007. Val bjóðanda fer fram á grundvelli hæfnisvals og verðs og bar bjóðanda að leggja fram tilboð sitt í tveimur hlutum, þ.e. upplýsingar um hæfni bjóðanda og verðtilboð.

Tilboðum er raðað eftir stafrófsröð bjóðenda.

| Bjóðandi | Hæfnismat (einkunn) | Tilboð (þús.kr.) |
|---|---|---|
| Almenna verkfræðistofan hf., Reykjavík | 58 | 19.950.000 |
| Áætlaður verktakakostnaður | | 24.000.000 |
| Fjölhönnun ehf., Reykjavík | 55 | 27.170.000 |
| Hnit hf., Reykjavík | 58 | 18.525.000 |
| Hönnun hf., Reykjavík | 58 | 17.990.000 |
| Línuhönnun hf., Reykjavík | 58 | 19.565.382 |
| VSB verkfræðistofa, Hafnarfirði | 54 | 17.860.000 |



*Framkvæmdir við vegamót Hringvegar (1) og Sauðárkróksbrautar (75). Mynd: Hafdís Eygló Jónsdóttir 31.01.06.*